

### **Tillaga að ályktun um lagareldi**

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023, fagnar útkomnum drögum að nýrri stefnumótun lagareldis og samþykktu strandsvæðaskipulagi.

Markmið stefnumótunarinnar er að framtíðaruppbygging í lagareldi byggi á skýrum viðmiðum sjálfbærrar nýtingar, vistkerfisnálgunar og varúðar. Áhersla á eftirlit, vöktun og rannsóknir með framleiðslunni standist ítrustu kröfur til að koma í veg fyrir að greinin hafi neikvæð áhrif á umhverfið í framtíðinni.

Markmið strandsvæðaskipulags í byggðamálum eru meðal annars að nýting og vernd strandsvæðis Vestfjarða styðji aðliggjandi byggðarlög með tækifærum til fjölbreyttrar starfsemi og nýsköpunar og styðji lífsgæði íbúa.

Þessi markmið eru í takt við vilja sveitarstjórnarfulltrúa á Vestfjörðum sem hafa kallað eftir aðgerðum að hálfu stjórnvalda um árabíl. 68. Fjórðungsþing Vestfirðinga telur að aðgerðaleyfi Alþingis, ríkisstjórna, ráðuneyta og stofnana í málefnum fiskeldis hafi gert að verkum að uppbygging eftirlits og rannsókna í nærumhverfi atvinnugreinarinnar og að skýr stefna hafi ekki verið mótuð fyrir atvinnugreinina fyrr en nú. Afleiðingar aðgerðaleyfis hafa nú mjög neikvæð áhrif á umhverfi og ímynd Vestfjarða.

Samfélög á Vestfjörðum eiga mikið undir að atvinnugreinin vaxi. Skýrsla Boston Consulting Group staðfestir tækifæri og mögulegan vöxt í framtíðinni. Til að það geti orðið þá þarf ramminn og umgjörð greinarinnar að vera skýr.

Þessu til áréttingar bendum við á auglýsingar bæði Hafrannsóknarstofnunar og Mast á liðnum vikum, þar sem störf er tengjast fiskeldi, rannsóknunum og eftirliti eru ekki staðsett á fiskeldissvæðum heldur óstaðbundar. Við teljum uppbyggingu starfa við eftirlit og rannsóknir í nærumhverfi lykilþátt í sjálbærri uppbyggingu atvinnugreinarinnar.

**Flutningsmenn:** Ísafjarðabær